

Ágætu félagsmenn,

Við erum heldur betur búin að fá sumarauka nú fyrstu vikurnar í september og margir sem nýta sér þessa góðu daga til siglinga. Við vitum þó að von er á haustlægðum og áriðandi að bátar séu vel bundir í höfn sem og frágangur þeirra á landi sé í lagi. Vinsamlega hafið það í huga. Ekkert lát er á umsóknum í félagið. Okkur telst til að um 27 umsóknir hafi borist til þessa en á öllu árinu 2016 bárust alls 30 umsóknir. Einhverjir hætta á móti þannig að raunfjölgun gæti verið um 15 manns talið nú í sept en án ábyrgðar. Vitað er um einstaklinga sem væntanlegir eru með báta í félagið í haust og vetur.

Ég hef rætt það áður að við erum komin eða að vera komin að stærðarmörkum hvað varðar stæði í höfn. Meðan ekki fjölgar bátastæðum getum við þó enn boðið upp á uppsátur fyrir fjölmarga báta til viðbótar. Bataá huginn er að aukast og meðan efnahagsaðstæður eru eins góðar og í dag megum við búast við frekari aukningu félaga. Að sama skapi er tími uppbyggingar í Snarfara. Við skulum nota tækifærið, treysta starfseminu, endurnýja búnað og auka þjónustuna. Allt ferst að lokum en þangað til skulum við læra að njóta.

Tíminn líður og í janúar á næsta ári er aðalfundur félagsins haldinn. Kosið er til stjórnar, reikningar lagðir fram og ýmiss önnur mál rædd. Vinsamlega athugið:

- Óski félagsmaður að taka upp á aðalfundi sérstakt mál, skal hann tilkynna það stjórn félagsins með 4ra vikna fyrirvara.
- Tillögur um breytingar eða viðbætur við lög félagsins skal skila til stjórnar í síðasta lagi fjórum vikum fyrir aðalfund. Þarf samþykki minnst 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna á tillögunum á aðalfundi



Rvk. September 2017  
Pétur Ó. Einarsson, formaður Snarfara

### Fréttir úr starfseminni

Starfsmaður, nefndarmenn og sjálfboðaliðar hafa haft í nógu að snúast á árinu og mörg verkefni gangi í einu. Stjórn félagsins þakkar þessu góða fólki fyrir vel unnin störf.

### Viðeyjar- og Hvammsvíkurbyggja

Bryggjurnar verða teknar upp nú í september. Stefnt er að taka Viðeyjarbyggju upp í Viðey en fáist ekki til þess leyfi verður hún dreginn upp í Snarfara. Hvammsvíkurbyggja verður „ströppuð“ niður til öryggis en hún skemmdist eins og menn muna í fyrri í ofasroki í Hvalfirði. Fimm ár líða nú af samningi við eigenda Hvammsvíkur.

### Vegur að Snarfara

Loksins er búið að gera veginn bærilegan og vonum að þessi viðgerð haldi einhvern tíma. Holurnar voru orðnar djúpar og hættulegar. Eins má nefna að búið er að klippa og snyrta hekkið vestan megin frá hliði og út veginn inn á svæði Snarfara.

### Kortahlið

Búið er að grafa fyrir köplum og ná þeir frá félagsheimili þar sem stjórnstöðin verður staðsett og út að hliði. Sett verður ljós á skiltið þar og komið þar fyrir auka myndavél um leið og rafmagn er komið. Tækifærið var nýtt og strengur tekin upp á bátasvæði sunnan við félagsheimili(möl). Við getum því farið að bjóða upp á rafmagnsaðgengi þar hvort sem það verður í ár eða á næsta ári. Búið var að kaupa rafmagnsstaura á síðasta ári. Sá stjórnbúnaður sem verður settur upp vegna kortakerfisins gerir okkur kleift að bæta við stýringum í framtíðinni. Sé t.d. vilji að setja kortalás á hlið í rampi eða stýra öðrum svæðum eru hæg heimatökin.



### Skemmtibátaskírteini ICC

Vegna fréttu um ICC skemmtibáta skírteinin þá á það ekki að koma Samgöngustofu á óvart að þau eru ekki fullgild alþjóðaskírteini. Það er nefnd sem vinnur að hagasmunamálum skemmtibátaeigenda með Samgöngustofu og þar var þeim bent á þetta í almennu spjalli fyrir tveimur árum. Þeir vissu af því þá. Í þessari nefnd sitja nú formaður Snarfara ásamt Guðbergi Birgissyni sem gjarnan er kenndur við Evruna, Markús Pétursson siglingakappi er þar líka og Jón Pétur Friðriksson formaður Siglingasambandsins. Okkar markmið er m.a. að reyna að fá fram einföldun á regluverki kringum skemmtibáta. Við hittum Samgöngustofu væntanlega aftur nú í haust. Samgöngustofa fer vonandi í saumanna á þessu og fær viðurkenningu á þessum skírteinum okkar út fyrir landsteinana þar sem ICC er krafist.

## Bátalyfta

Eftir komu þeirra félaga Ingva og Sigvalda sem fóru til Hollands til að taka út bátalyftuna var haldinn fundur með þeim, stjórn og nokkrum öðrum sérfræðingum. Í framhaldi af þeim fundi og tillögum Ingva og Sigvalda var tekin ákvörðun um að gera ákveðnar breytingar á bátalyftunni auk viðbóta til að félli betur að þörfum félags og félagsmanna. Í því fellst aukin kostnaður en minni ef við gerðum þessar breytingar hér heima. Óskum um breytingar var komið til framleiðenda sem hefur tafið aðeins afhendingu hennar. Við erum þó að vona að hún komi eigi síðar en í lok þessa mánaðar. Breytingarnar eru útlistaðar hér fyrir neðan ásamt nokkrum myndum.

- Gegnheil dekk í stað loftfylltra.
- Útbúin “bracket” sérstaklega gerðan fyrir Manitou loaderinn
- Liðugar stoðir (tvöfaldar í stað einfaldra)
- Stýringar vegna mismunandi breidd báta
- Fjarstýringu til að stjórna bátalyftunni




Figure 3 Bracket for Manitou tractor and hydraulic pressure and flow reducer



Figure 2 Guide poles




Figure 1 Two part bracket

## Kynning-kayakar

Gúmmibátar & Gallar, fóru þess á leit að fá að hafa kynningu á „sit-on-top” kayökum hjá Snarfara og var það auðsótt mál. Þann 23. Ágúst stilltu þeir upp vörum sínum og var áhugi greinilega mikill á þessum bátum.



*Við fengum góða gesti frá Rvk-borg í heimsókn nú í september en undirbúningur stendur yfir varðandi framtíðarskipulag svæðisins eins og margoft er búið að segja frá.*

**Hér fyrir neðan má sjá til upprifjunar þær óskir félagsins sem við biðjum um að verði tekin til athugunnar við skipulag svæðisins og komið hefur verið til framkvæmdaðila. M.v. er að liður 2, 5 og 6 sé á ábyrgð borgarinnar. Á þetta sérstaklega við lið 6 en félagið hefur ekki burði til að fara í slíkar framkvæmdir.**

1. Um 19 ár lifa eftir af samningi um aðstöðu Snarfara. Svo stuttur tími er hamlandi fyrir frekari fjárfestingum og uppbyggingu félagsins á svæðinu og óskar Snarfari eftir lengri samningi eða til 50 ára.

2. Innsiglingarrenna: Siglingarrenna fyllist á nokkra ára fresti vegna framburðar. Snarfari vildi myndi vilja koma inn í samningi ákvæði um að siglingarennan yrði dýpkuð reglulega og væri á eða þegar þörf krefur og væri á ábyrgð borgar- /hafnaryfirvalda.

3. Félagsheimili: Snarfari myndi óska eftir heimild og leyfi til að byggja nýtt stærra félagsheimili á svæðinu. Búið er að gera þarfagreiningu vegna slíks húss og er hún til staðar. Húsið gæti t.d. staðið austan megin, nær ósum Elliðaár og myndað skjól fyrir suðaustan átt á svæðinu. Snarfari er opin fyrir möguleikum á að leigja út aðstöðu til veitingareksturs fyrir gesti og gangandi

4. Stærri skemmu: Snarfari myndi óska eftir heimild og leyfi til að byggja stærri skemmu. Snarfari telur að stærri skemma til minniháttar viðgerða og viðhalds á bátum félagsmanna og námskeiðahalds yrði mikils virði fyrir félagsmenn og yki starfseminna sérstaklega yfir vetrarmánuðina.

5. Malbikun svæðis þar sem er möl: Mól á svæði félagsins getur verið nýbyggingum á svæði umhverfis aðstöðu félagsins til mikils ama en mjög hvasst getur orðið í suðaustan og sunnan áttum á svæðinu þannig að sandur, mól og smásteinar fara af stað og geta eyðilagt og skemmt. Svæðið nýtist þá einnig betur fyrir geymslu báta sérstaklega með vetrarsetu í huga.

6. Stækkun hafnar: Snarfari telur nauðsynlegt að stækka höfnina um að minnsta kosti 50 til 100 stæði. Félagsmönnum fjölgar og líklegt að geri það áfram. Höfnin er full, fjöldi báta er samt á landi. Aukin eftirspurn er eftir inngöngu í félagið og stæðum með auknum áhuga á siglingum Frekari möguleikar yrði til að taka við gestabátum og veita þeim þjónustu.

7. Öryggismál: Girða þarf af bátum innan svæðis sem og svæðið sjálft

Stjórn Snarfara

